

## Viðtal

# Maður þarf ekki að vera skygggn til að verða hræddur

ERLA STEFÁNSDÓTTIR SJÁANDI OG PÍANÓKENNARI FAGNAR ÁTTRÆDISAFMÆLI SÍNU Í DAG, SUNNUDAG. HÚN LÍTUR SÁTT YFIR FARINN VEG, SKYGGNIGÁFAN SÉ GJÖF FRÁ GUÐI SEM HAFI VONANDI HJÁLPAÐ EINHVERJUM Á VETTVANGI LÍFSSÝNAR – FÉLAGSSAMTAKA TIL SJÁLFSPEKKINGAR OG VÍÐAR. „ÞAÐ ERU MARGAR VÍDDIR. ÉG SÉ LÍFIÐ EINS OG ÞAÐ ER,“ SEGIR HÚN.

Texti: Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is  
Mynd: Kjartan Þorbjörnsson gollli@mbl.is

**E**rla Stefánsdóttir tekur á móti okkur í matsal hjúkrunarheimilisins Sóltns. Gollli svipast um eftir góðum bakgrunni vegna myndatökunnar og Erla segir Jesúmálverkið ekki koma til greina. Listakonan hafi nefnilega skipt andliti frelsarans út fyrir sitt eigið. „Ég vil láta breiða yfir þetta málverk í afmælisveislunni minni,“ segir hún ákveðin. Gollli stingur í staðinn upp á slaghörpunni og það getur Erla vel felt sig við enda kenndi hún í sextju ár á hljóðfærið. Ungum sem öldnum.

Talið berst fyrst að áttatræðisafmælinu. „Ég þakka Guði fyrir öll þessi ár. Ég er búin að hafa það mjög gott og er sátt við mitt líf. Það er heiður að fá að verða svona gamall. Það eru ekki allir sem ná því. Kærasti dóttur minnar dó tvítugur vegna veikinda. Það fannst mér svakalegt. Ég bað fyrir honum en það kom ekkert svar. Það er merkilegt því þegar ég bið fyrir vandalausum hafa stundum orðið kraftaverk. En maður ræður víst engu í þessum efnum.“

– Hefur trúin alltaf verið mikilvægur þáttur í þínu lífi?

„Ég hef alltaf trúað því að til sé eitthvað æðra en manneskjan. En það er erfitt að skilgreina það.“

– Hefurðu alltaf verið skygggn?

„Ég hef séð frá því ég man eftir mér. Þegar ég var sjö ára sá ég fiðrildi og hélt að það væri blómálfur. Þeir eru mjög líkir fiðrildum. Þegar ég var átta eða níu ára fórst móðurbróðir minn í sjóslysi og ég man hvað ég var hissa hvað mamma grét mikið í útförinni því ég sá hann standa þar sjálfan. Ljósflíandi.“

## Koma ekki við gólfíð

– Þú sérð þá fólk sem er farið?

„Mikil ósköp. Iðulega. Ég verð að passa mig á því að heilsa ekki öllum sem verða á vegi mínum. Sumir eru nefnilega farnir. Það er til dæmis mikið um það herna á Sóltni. Í gamla daga ráðlagði kærastinn minn mér að heilsa ekki þeim sem bæla ekki setuna og koma ekki við gólfíð. Ég hef farið eftir því. Sé til dæmis að þú ert ekta.“

Hún brosir.

– Geturðu talað við þá sem eru farnir?

„Stundum, stundum ekki. Sumir biðja fyrir skilaboð, aðrir ekki.“

– Hefur þessi gáfa verið til góðs?

„Ég segi alltaf að hún sé Guðs gjöf. Það eru forréttindi að fá að sjá vættina í fjöllumum og ljósið kringum manneskjurnar. Það er ynd-

islegt. Þú ert til dæmis í fánalitunum.“

– Er það gott eða slæmt?

„Það er gott. Það gefur þér kraft til að gera það sem þig langar til. Þú veist hvað þú vilt. Ert hreinskilinn og hjartsýnn.“

Einmitt það.

– Hefurðu aldrei verið hrædd við þessa gáfu?

„Jú, oft. En maður þarf ekki að vera skygggn til að verða hræddur. Ef eitthvað er þá er meira að óttast í mannheimum. Margt er skrýtið í mannheimum. Það er til dæmis svo merkilegt að karlinn minn fyrrverandi var ekki skotinn í mér, heldur skynjun minni. Þegar hann var búinn að fá að vita allt sem hann þurfti að vita lét hann sig hverfa. Fékk nóg. Hann er á lífi, blessaður. Minn sálaði eiginmaður, eins og ég kalla hann.“

– Giftistu ekki aftur?

„Nei, ég hafði engan áhuga á því.“

– Áttu börn?

„Já, þrjú börn og níu yndislega barnabörn.“

## Þú ert ekki góður maður

– Hvernig hefur þér gengið að umgangast skygggnigáfunu?

„Yfirleitt vel. Þegar ég var stelpa átti ég að vísu til að ganga upp að fólki og segja því hvað ég sá. „Hvers vegna ert þú svona reiður?“ Eða: „Ég vil ekki vera nálægt þér. Þú ert ekki góður maður.“ Það er auðvitað ekki fallega sagt en svona leið barninu. Ég laðast að fólki sem er í sömu litatónum og ég og held að við gerum það öll. Með einum eða öðrum hætti. Ég finn strax hvort ég á samleið með fólki, án þess að tala við það. Þegar ég var unglingur gekk ég upp að Thor Vilhjalmsyni rithöfundu og tjáði honum að mér þætti vænt um hann. Hann væri góður maður. Thor hló bara góðlátlega að þessu.“

– Eru ekki sumir varir um sig í kringum þig? Vilja ekki láta lesa sig eins og opna bók.

„Jú, það kemur fyrir. Sumir sveipa um sig „teppi“, ef þannig má að orði komast.“

– Dugar það?

„Nei.“

– Hefurðu aldrei orðið fyrir óþægindum vegna gáfunnar?

„Jú, það kemur fyrir. Einu sinni var ég til dæmis komin með lykila að nýrri íbúð en neyddist til að skila þeim. Það voru verur í íbúðinni sem trufluðu mig.“

– Hvernig kom það til að þú byrjaðir að miðla af skygggnigáfu þinni?

„Fólk fékk snemma áhuga á þessu. Og mér. Ég fór því að safna fólki saman í þeim tilgangi að reyna að hjálpa því. Fólk vildi kom-



ast í samband við látna ástvini og fá mig til að biðja fyrir hinum og þessum. Stundum hefur þetta áhrif en það er ekki mér að þakka. Þegar fólk biður mig að skila kveðju til Guðs segi ég því bara að opna gluggann og veifa. Hann sér.“

## Yndislegt að eiga góða vini

– Samtökin Lífssýn voru stofnuð utan um skygggnigáfu þína. Segðu mér aðeins frá þeim.

„Hópur fólks, um það bil eitt hundrað manns, stofnaði Lífssýn í Langholtskirkju 1988. Allt góðir vinir mínir. Það er yndislegt að eiga góða vini. Gegnum tíðina hef ég haldið námskeið þar sem ég fer yfir gerð og þroska braut mannsins og umhverfi okkar í öllum sínum viddum, í samræmi við þá lífssýn sem skygggnigáfa mín umvefur. Mörg hundruð Íslendingar hafa sótt þessi námskeið gegnum árin, auk þess sem ég hef ferðast um Skandinavía. Þessi mikli áhugi kemur mér alltaf jafnmikið á óvart og ég á ekki nægilega sterk orð til að tjá þessu fólki þakklæti mitt. Vonandi hefur mér tekist að hjálpa einhverjum.“

– Fylgistu áfram með fólki eftir að þú hefur gefið því holl ráð?

„Já, það geri ég. Það er alltaf jafn gaman þegar fólk nýtur sér upplýsingarnar til góðs. Vex og dafnar.“

Hún ekur sér í stólnum.

„Jæja, ljósið mitt. Er þetta ekki komið nóg?“

– Af viðtalinu? Nei, ekki alveg. Höldum aðeins áfram.

„Jæja.“

## Virðing fyrir Móður jörð

– Þú hefur líka gefið út kort um orkustöðvar Íslands og orkulínur. Hver er tilgangurinn með þeim?

„Ég teikna kortin til að fólk beri virðingu fyrir Móður jörð en hugsu ekki bara um tærnar á sjálfu sér.“

– Vantar mikið upp á það?

„Almáttugur, já.“

– Hvað er til ráða?

„Við þurfum að fræða og upplýsa. Sjálf hef ég talað í einlægni við grunnskólanemendur



„Ég verð að passa mig á því að heilsa ekki öllum sem verða á vegi mínum. Sumir eru nefnilega farnir,“ segir Erla Stefánsdóttir sjáandi og píanókennari.

✿ *Pegar ég var unglingur gekk ég upp að Thor Vilhjálmsyni rithöfundu og tjáði honum að mér þætti vænt um hann. Hann væri góður maður.*

og oftast en ekki ætla þeir beint út að faðma næsta tré. Þetta er nefnilega spurning um afstöðu. Blómin og grasið eru lifandi eins og við. Troðum þetta ekki niður í svaðið!“

– *Það er víða pottur brotinn í hinum stóra heimi.*

„Almáttugur, já. Hvar eigum við að byrja. Ég man eftir heimsstyrjöldinni síðari sem barn og þegar henni lauk héldu margir að ástandið í heiminum myndi horfa til betri vegar. En menn eru ennþá að berjast og vinna

öðrum mein og því miður sér ekki fyrir endann á þeim ósköpum.“

– *Þú hefur haldið sýningar á myndum þínum. Hefurðu alltaf teiknað?*

„Já, alla tíð. Og geri enn. Ég teikna það sem ég sé og leyfi þannig öðrum að njóta þess með mér.“

– *Er skyggigáfa eins og sú sem þú býrð yfir algeng eða sjaldgæf?*

„Frekar sjaldgæf. Ég veit ekki um marga aðra Íslendinga sem búa yfir raunverulegri gáfu af þessu tagi. Ég hef fengið til mín fólk sem telur sig gera það en gerir það í raun ekki. Í mesta lagi skynjar það einhverja orku. En orka er eitt, ára allt annað. Við erum í ótal víddum í lífinu en fæstum er gefið að skyggjast þar inn. Fengju fimmtíu manns það hlutverk að teikna Snæfellsjökul yrðu 49 myndir eins.“

#### Líf eftir dauðann

– *Hvað með dauðann? Óttastu hann? Það segir sig sjálf að þú trúir á líf eftir dauðann.*

„Já, mikil ósköp. Það er líf eftir dauðann. Í

annarri vídd. Skiptum við ekki bara um bústað? Samt er maður alltaf skeptiskur á það sem maður þekkir ekki. Það liggur í hlutarins eðli.“

– *En hvað eru framliðnir að þvælast hér? Hafa þeir ekki öðrum hnöppum að hneppa?*

„Það má vel vera. En gleymum því heldur ekki að þetta fólk þarf alls ekki að vera hér þótt við skynjum návist þess.“

– *Að öðrum og veraldlegri málum. Ævistarf þitt var að kenna á píanó. Hvenær byrjaðirðu á því?*

„Ég byrjaði að kenna átján ára heima hjá mér. Fékk lánuð gleraugu hjá mömmu svo ég væri aðeins virðulegri.“

Hún brosir.

„Kennslan varð mitt ævistarf enda átti hún afskaplega vel við mig. Ég hef svo gaman af fólki, ekki síst blessuðum börnunum. Annars kenndi ég öllum aldurshópum, allt frá fjögurra ára upp í sextugt. Lengst af kenndi ég í Tónmenntaskólanum og Tónlistarskólanum í Kópavogi. Þetta var óskaplega skemmtilegur tími. Síðustu árin kenndi ég heima en varð að

hætta fyrir um ári. Ég er orðin svo léleg til heilsunnar.“

– *Saknarðu kennslunnar?*

„Já, mikil ósköp. Það var svo yndislegt að fá þessi kríli til sín.“

#### Ósátt til að byrja með

– *Hvað hefurðu verið lengi hér á Sóltúni?*

„Ég kom hingað í janúar á þessu ári. Ég var ósátt við það til að byrja með en ekki var um annað að ræða. Ég þarf orðið svo mikla aðstoð. Mér líður alltaf betur og betur hérna. Sóltún er fallegur staður og gott fólk sem vinnur hérna. Maturinn er hins vegar svolítið vondur.“

Hún hvíslar síðustu setninguna.

– *Fylgistu eitthvað með þjóðmálunum?*

„Nei, ekki get ég sagt það. Pabbi var afskaplega pólitískur en ég hef aldrei nennt að setja mig inn í þau mál.“

– *Einhver skilaboð til þjóðarinnar að lokum?*

„Að fólk virði hvert annað. Guð er í hjarta herrar manneskju. Munum eftir því, þá gengur allt betur.“